



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**RICHARD GOODE**

**LEIKUR**

**MOZART**

**6. JÚNÍ**  
2019

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd verka:

Short Ride in a Fast Machine: 4'

Píanókonsert: 32'

Sinfónía: 45'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**

Icelandair Hotels



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# RICHARD GOODE LEIKUR MOZART

---

**Edo de Waart**  
hljómsveitarstjóri

**Richard Goode**  
einleikari

---

---

**EFNISSKRÁ**

John Adams  
**Short Ride in a Fast Machine** (1986)

Wolfgang Amadeus Mozart  
**Píanókoncert nr. 25 í C-dúr, K. 503** (1786)  
Allegro maestoso  
Andante  
Allegretto

**Hlé**

Johannes Brahms  
**Sinfónía nr. 1 í c-moll, op. 68** (1862–76)  
Un poco sostenuto – Allegro – Meno allegro  
Andante sostenuto  
Un poco allegretto e grazioso  
Adagio – Più andante – Allegro non troppo ma con brio  
– Più allegro

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:  
**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**

---



---

# EDO DE WAART

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**H**ollenski hljómveitarstjórinn Edo de Waart hefur á löngum ferli stjórnað mörgum helstu hljómveitum heims. Hann er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómveitar Nýja Sjálands og heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómveitanna í Milwaukee og Antwerpen, auk Hollensku útvarpshljómveitarinnar. Í haust tekur hann við stöðu aðalgestastjórnanda við Sinfóníuhljómveitina í San Diego.

Edo de Waart stundaði nám við Sweelinck-tónlistarháskólann í Amsterdam og árið 1963, skömmu eftir útskrift, vann hann stöðu fyrsta óbóleikara við hina margfrægu Concertgebouw-hljómveit í sömu borg. Ári síðar hreppti hann fyrstu verðlaun í Mitropoulos-keppninni í hljómveitarstjórn og var í framhaldinu ráðinn aðstoðarstjórnandi Leonarda Bernstein við Fílharmóníusveitina í New York. Hann var aðalstjórnandi Fílharmóníusveitarinnar í Rotterdam frá 1973–79, Sinfóníuhljómveitar San Francisco frá 1977–85 og Minnesota-hljómveitarinnar frá 1986–95. Árið 1989 fluttist de Waart aftur til Hollands, tók við stöðu aðalstjórnanda Hollensku útvarps-hljómveitarinnar og gegndi því starfi til ársins 2004. Hann var einnig aðalstjórnandi Sinfóníuhljómveitarinnar í Sidney frá 1993–2003 og Fílharmóníusveitarinnar í Hong Kong frá 2004–2012.

Edo de Waart hefur stjórnað fjölmörgum óperum, meðal annars við Covent Garden í Lundúnum og Wagner-hátíðina í Bayreuth. Hann hefur einnig verið dyggur stuðningsmaður núlifandi tónskálda og hefur meðal annars stjórnað ótal verkum eftir John Adams og Steve Reich. Þá hefur hann hljóðritað fjölda hljómplata og diska, m.a. með Concertgebouw-hljómveitinni, Fílharmóníusveit hollenska útvarpsins og San Francisco-sinfóníunni.

Þetta er í fyrsta sinn sem Edo de Waart stjórnar tónleikum á Íslandi.



---


# RICHARD GOODE

## EINLEIKARI

**B**andaríski píanóleikarinn Richard Goode hefur um áratuga skeið vakið hrifningu fyrir fágaða og stílhreina túlkun sína, ekki síst á píanóverkum eftir Mozart og Beethoven. Á yfirstandandi tónleikaári hefur hann meðal annars komið fram með Fílharmónúsveit New York og haldið einleikstónleika í Wigmore Hall í Lundúnum og Théâtre des Champs-Élysées í París. Hann leikur reglulega með fremstu hljómsveitum heims og hefur hljóðritað yfir 20 hljómplötur. Hljóðritun hans á öllum píanósónötum Beethovens var tilnefnd til Grammy-verðlauna árið 1993 og sama gildi um hljóðritun á píanó-konsertum Beethovens ásamt Budapest Festival Orchestra og Iván Fischer sem kom á markað árið 2009. Hann hefur einnig hljóðritað píanókonsertra Mozarts með Orfeus-kammer-sveitinni.

Goode er fæddur í New York og lærði píanóleik hjá Nadiu Reisenberg og Rudolf Serkin. Hann hefur hlotið ótal verðlaun fyrir leik sinn, meðal annars fyrstu verðlaun í Clöru Haskilpíanókeppninni, Avery Fisher-verðlaun og Grammy-verðlaun. Hann er einnig virtur kennari og er gestaprófessor við Royal Academy of Music í Lundúnum auk þess að kenna við Mannes College í New York. Þá hefur hann haldið meistaranámskeið meðal annars á Verbier-hátíðinni og í Wigmore Hall. Hann var listrænn stjórnandi Marlboro-tónlistarhátíðarinnar ásamt Mitsuko Uchida frá 1999–2013.

Goode hefur einu sinni haldið einleikstónleika á Íslandi, í Hörpu árið 2015, en hann leikur nú í fyrsta sinn með Sinfóníu-hljómsveit Íslands.



# JOHN ADAMS

## SHORT RIDE IN A FAST MACHINE

John Adams (f. 1947) hefur um áratuga skeið verið eitt kunnasta tónskáld Bandaríkjanna. Hann er oft kenndur við naumhyggju eða mínímalisma, ásamt þeim Philip Glass og Steve Reich sem eru um áratug eldri. Naumhyggja spratt upp úr því sem kalla má „and-móðernisma“ sjöunda áratugarins, óánægju ungra tónskálda með þá valkosti sem í boði voru, og hún reyndist eiga vísan stærri áheyrendahóp en flestar aðrar gerðir nútímatónlistar á síðari hluta 20. aldar. Eitt megineinkenni naumhyggjutónlistar er að hún er hröð og hæg í senn. Á ytra borði er síkvik hreyfing en breytingar á undirliggjandi tónefni gerast löturhægt. John Adams má raunar fremur telja „síð-naumhyggjutónskáld“, því að þótt stöðugur púls einkenni verk hans er hið kvika ferli endurtekningarinnar ekki eins áberandi og hjá þeim sem ruddu naumhyggjunni braut. Í stað þess vex tónlistin og nær hápunkti með ýmsu móti.

Meðal styttri hljómsveitarverka Adams er *Short Ride in a Fast Machine* (Stutt ferð í hraðskreiðu farartæki) sem ber undirtitilinn „lúðragjall [*fanfare*] fyrir hljómsveit“. Sinfóníuhljómsveitin í Pittsburgh pantaði verkið og flutti það í fyrsta sinn árið 1986. Michael Tilson Thomas stjórnaði þeim flutningi en fyrsta hljóðritun verksins kom á markað hjá Nonesuch-plötuforlaginu árið 1987 og þar lék Sinfóníuhljómsveitin í San Francisco undir stjórn Edo de Waart.

Adams hefur líkt verki sínu við upplifunina „þegar einhver býður þér far í frábærum sportbíl en þú sérð eftir því þegar hann er kominn af stað“. Vinur Adams átti hraðskreiðan ítalskan fararskjóta og bauð honum í bílferð um það leyti sem hann hóf að smíða verkið. Adams segir ferðina bæði hafa verið ánægjulega og ógnvænlega, og að hann hafi varla verið búinn að jafna sig á henni þegar hann tók að setja fyrstu tónana á blað. Meðal helstu einkenna verksins eru hrynbútar sem endurteknir eru hvað eftir annað, einkum í tifandi trékubbum sem gefa verkinu snaggaralegt yfirbragð. Verkinu má raunar skipta í fjóra hluta; í fyrsta og þriðja er hár trékubbur í forgrunni, lægri tónn einkennir annan hluta, en í lokakafnanum fær hljóðfærið loks hvíld. Adams segir annað einkenni verksins vera að hin stærri og dýpri hljóðfæri hljómsveitarinnar – túba, kontrabassi, kontrafagott, málmblástursdeildin – þurfi að „dansa búggi“ kringum hinn ósveigjanlega hrynbútsins. Það er ekki fyrir en í lok verksins, þegar kubburinn þagnar, að hinn eiginlegi lúðraþytur eða „fanfare“ losnar úr læðingi.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Short Ride in a Fast Machine hefur hljómað tvívegis á Íslandi undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar, í Háskólabíói árið 2002 og í Hörpu á Menningarnótt 2012. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einnig flutt önnur verk eftir Adams. Leila Josefowicz lék fiðlukonsert hans árið 2004 undir stjórn Rumons Gamba og „konsert-sinfóníuna“ Scheherazade.2 árið 2017 undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Þá lék hljómsveitin Doctor Atomic-sinfóníuna í Hörpu árið 2014 undir stjórn Baldurs Brönniman. Short Ride in a Fast Machine mun hljóma í meðförum Sinfóníuhljómsveitarinnar á komandi hausti í Klassíkinni okkar.



# WOLFGANG AMADEUS MOZART

## PIÁNÓKONSERT NR. 25

**W**olfgang Amadeus Mozart (1756–1791) var svo sannarlega önnum kafinn í desemberbyrjun árið 1786. Hann var á leið til Prag, þar sem æfingar stóðu yfir á *Brúðkaupi Figarós*, og hafði tvö verk í smíðum, píánókonsert í C-dúr og sínfóníu í D-dúr sem síðar hlaut viðurnefnið *Prag-sínfónían*. Hann lauk við konsertinn hinn 4. desember og frumflutningurinn fór fram degi síðar. Væntanlega hafa einhverjir nótningararar á vegum tónskáldsins átt vökunótt fyrir höndum þar sem skrifa þurfti út hljómsveitarraddir, og hafi þær verið til taks nemma næsta morgun gafst ekki ráðrúm til að æfa nema einu sinni áður en tónleikarnir hófust. Mozart lék konsertinn aftur í Vínarborg og Leipzig í apríl og maí 1787 en síðan virðist það hafa horfið í skuggann af frægari konsertum Mozarts. Þegar píánistinn Artur Schnabel flutti verkið með Vínarfilharmóníunni árið 1934 var tekið fram að það væri fyrsti flutningur þess í Vínarborg í 147 ár, eða frá því að Mozart sjálfur lék það síðast.

Erfitt er að segja til um orsakir þess að píánistar sýndu konsertinum nr. 25 slíkt tómlæti. Raunar er það enn svo að C-dúr konsertinn hljómar mun sjaldnar en til dæmis hinir vinsælu í d-moll, c-moll og A-dúr, svo ekki sé minnst á „hinn“ C-dúr konsert Mozarts, píánókonsertinn K. 467 sem varð til hálfu öðru ári áður. Kannski þykir sumum vanta eitthvað upp á fjörmikið virtúósspil í einleiksroddinni, en þá má geta þess að tónlist Mozarts varð að sumu leyti hógvarari á síðustu æviárum hans. Í verkum eins og píánósónötunni í B-dúr, K. 570 þróaði hann nýja tegund einfaldleika, tónlist sem er ávallt upphafin og yfirvegud, og hið sama má segja um konsertinn í C-dúr.

Með konsertinum K. 503 lauk einu mesta blómaskeiði píánó-konsertsins í gjörvallri sögu tónlistarinnar. Frá 1784 til ársloka 1786 var smíði og flutningur píánókonserta eitt helsta viðfangsefni Mozarts í listinni. Hann samdi alls fjórtán konserta fyrir píánóið á rúmum þremur árum, og séu gæðin höfð í huga eru afköstin nærri því ofurmannleg. Mozart setti sér hið torveldi takmark að höfða til tveggja ólíkra áheyrendahópa í senn, annars vegar atvinnutónlistarfólks og vel kunnandi áhugamanna, hins vegar hirðfólks sem hafði takmarkaða þolinmæði gagnvart nýstárlegum uppátækjum. Að þóknast báðum var hægara sagt en gert. Í bréfi til föður síns sagði Mozart meðal annars um konsertana K. 413–415: „Þeir feta góðan milliveg milli þess sem er of einfalt og þess sem er of flókið; þeir eru glæsilegir, geðjast eyrunum vel, og eðlilegir án þess að vera

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Sínfóníuhljómsveit Íslands flytur píánó-konsert Mozarts nr. 25 (K. 503). Á tónleikum Hljómsveitarinnar hafa áður hljómað píánókonsertar Mozarts nr. 8, 13, 18, 20–24, 26 og 27, sumir þeirra margoft. Konsertinn nr. 25 hefur þó hljómað áður á Íslandi, á Listahátíð í Reykjavík 2006 þegar Víkingur Heiðar Ólafsson lék hann með Kammersveit Reykjavíkur.

ódyrt kveðnir. Það eru kaflar hér og hvar sem aðeins hinir vel kunnandi geta notið til fulls, en ég samdi þá þannig að jafnvel hinir minna lærðu geta ekki annað en gladdst yfir þeim, þótt þeir viti ekki af hverju.“ Þótt Mozart hafi ritað þessi orð fjórum árum fyrir má fullyrða að þau eiga ekki síður vel við um konsertinn K. 503.

Engar kadensur frá hendi Mozarts hafa varðveist við píanó-konsertinn K. 503 og mun Richard Goode leika sínar eigin á tónleikunum í kvöld.



## JOHANNES BRAHMS

### SINFÓNÍA NR. 1

„Ég mun aldrei semja símfóníu! Þú getur ekki gert þér í hugarlund hvernig það er að heyra slíkan rísa þramm- andi fyrir aftan sig.“ Þannig ritaði Johannes Brahms (1833–1897) tæplega fertugur að aldri, fullur örvæntingar yfir því hvílík ábyrgð fylgdi því að feta í fótspor Beethovens. Símfóníur þess síðarnefnda voru tónskáldum 19. aldar fyrirmynd og hvergi má betur greina hinn langa skugga Beethovens en í fyrstu símfóníu Brahms. Brahms var kominn á fimmtugs- aldur þegar hann lauk við fyrstu símfóníuna og ekkert annað af hinum stóru símfóníuskáldum 19. aldar lét bíða jafn lengi eftir frumraun sinni í þessu formi. Flestir voru þó sammála um að biðin hefði verið þess virði. Þegar Hans von Bülow kallaði verkið „tíundu símfóníu Beethovens“ var það meint sem mesta hrós sem hugsast gat.

Fram að þessu hafði Brahms notað hvert tækifæri til að þjálfast í hinni símfónísku list án þess að þurfa að óttast beinan saman- burð við Beethoven. Píanókonsertinn í d-moll átti upphaflega að verða símfónía en Brahms skipti um skoðun í miðjum klíðum og bætti píanóinu við. Tvær serenöður fyrir hljómsveit voru honum einnig hollur skóli, sem og hljómsveitartilbrigði við „stef eftir Joseph Haydn“ (sem þó er alls ekki eftir Haydn) frá 1873. Með fyrstu símfóníu sinni steig Brahms loks skrefið til fulls, en það reyndist ekki auðvelt. Fyrstu drög að verkinu eru frá árinu 1855 en Brahms dró síðasta taktstrikið árið 1876, rúmum tveimur áratugum síðar og þá 43 ára gamall. Bülow hafði sannarlega rétt fyrir sér, áhrif Beethovens eru greinileg frá fyrsta takti til hins síðasta. Brahms kallast sérstaklega á við fimmtu símfóníu Beethovens (sem einnig er í c-moll) og níundu símfóníuna.



Strax frá fyrsta takti einkennist tónlistin af dramatískum þunga. Það tíðkaðist stundum á 18. og 19. öld að tónskáld byrjuðu verk í sönötuforni á hægum inngangi, áður en hinn eiginlegi meginkafli hefist. Meðal kunnari dæma um slíkt eru *Pathétique*-píanósónatan og sjöunda sinfónía Beethovens. Brahms lék þennan leik ekki oft í verkum sínum en hér tekur hann Beethoven sem fyrirmynd, í þessu sem öðru. Fyrsta sinfónían hefist á alvarlegum og hægum inngangi, með dynjandi pákum og tjáningarfullum strengjalínum. Hraðari hluti þáttarins er kraftmikill, ástríðufullur, jafnvel drungalegur á köflum. Það á ekki síst við um úrvinnsluhlutann um miðbikið, með snörpum styrkleikabreytingum úr sterkasta *forte* niður í *pianissimo*.

Ljúfir miðkaflarnir eru kærkomin hvíld eftir dramatík upphafsþáttarins. Annar kafli er upphafin himnasælumúsík, blíður og ástríðufullur til skiptis. Þriðji þáttur sinfóníunnar er sá sem minnst á skylt við Beethoven. Hann er yfirvegaður og tiltölulega hægur, og minnir jafnvel á hin angurværu intermezzo sem Brahms samdi fyrir píanó á efri árum sínum.

Lokaþátturinn tekur upp þráðinn þar sem þeim fyrsta lauk. Tónlistin er um skeið leitandi og stefnulaus, dettur sífellt niður í sama farið. Heimur Níundu sinfóníu Beethovens er ekki langt undan, ekki síst hugmyndin um atburðarás sem lýsa má á þann veg að tónlistin fíki sig áfram úr myrkri í ljós eða að teflt sé fram átökum sem ljúki með fullnaðarsigri. Þegar einleikshorn brýst í gegn með hendingu sem Brahms hafði fyrst nóterað í svissnesku Ölpunum eru áhrifin harla kunnugleg: „O Freunde, nicht diese Töne!“ Hornleiknum lýkur á eins konar spurningu sem strengirnir svara. Nú er öllum áhyggjum ýtt til hliðar og við tekur bjart og glaðlegt stef í dúr, sextán takta langt, sem svipar óeitanlega nokkuð til stefnsins fræga í *Óðinum til gleðinnar*. Þegar kunningi Brahms benti honum á skyldleikann brást hann ókvæða við: „Hvaða bjáni sem er getur nú heyrt það.“

Ekki er þó öllu lokið enn. Brahms var meistari úrvinnslunnar eigi síður en Beethoven og nú tekur við ferðalag gegnum hin ýmsu þrep óvissunnar. Það er ekki fyrr en í stórfenglegu niðurlaginu sem fullnaðarsigur er í höfn og ekki aðeins hvað framvindu verksins sjálfs snertir. Brahms hafði unnið bug á eigin efasemdum og tókst héðan í frá óhræddur á við hið sinfóníska form.

*Árni Heimir Ingólfsson*

---

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið fyrstu sinfóníu Brahms 20 sinnum, fyrst árið 1952 undir stjórn Olavs Kießland. Meðal annarra hljómsveitarstjóra má nefna Vladimír Ashkenazy (1975 og aftur 2014), Frank Shipway (1991), Mikko Franck (1998), Rumon Gamba (2007) og Michal Dworzynski (2011).

---

# NÝTT STARFSÁR 2019/20

Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnir starfsárið 2019/20 í næstu viku og eru því gerð góð skil í veglegum ársbæklingi og á vef hljómsveitarinnar, [sinfonia.is](http://sinfonia.is). Dagskráin á þessu 70. starfsári hljómsveitarinnar verður einstaklega fjölbreytt og glæsileg.



## GULA RÖÐIN

Tónleikagestir í Gulu röðinni eiga von á kröftugri og fjölbreyttri tónlist á næsta starfsári. Meðal hápunkta má nefna sínfóníu nr. 5 eftir Prokofiev, hljómsveitarsvítu nr. 1 eftir Bach, La Mer eftir Debussy, fiðlukonsert eftir Kurt Weill, sellókonsert nr. 2 eftir Shostakovitsj og konsert fyrir fiðlu, selló og bajan eftir Gubaidulinu. Meðal hljómsveitarstjóra eru Roderick Cox, Eva Ollikainen, Hannu Lintu og Osmo Vänskä. Meðal einleikara má nefna fiðluleikarana Benjamin Beilman og Baiba Skride, sellóleikarann Alisu Weilerstein og klarínettuleikarann Dimitri Þór Ashkenazy.



## RAUDA RÖÐIN

Í Rauðu röðinni verður boðið upp á kröftuga og áhrifamikla tónlist og má þar nefna píanókonsert nr. 2 eftir Brahms, píanókonsertinn Processions eftir Daníel Bjarnason, Konsert fyrir hljómsveit eftir Béla Bartók, sínfóníu nr. 1 eftir Mahler, fiðlukonsertinn Offertorium eftir Gubaidulinu og Valkyrju Wagners. Meðal flytjenda eru píanóleikararnir Stephen Hough og Víkingur Heiðar Ólafsson, fiðluleikararnir Augustin Hadelich og Vadim Gluzman ásamt einvalaliði óperusöngvara í Valkyrjunni eftir Wagner.



## GRÆNA RÖÐIN

Í Grænu röðinni verður boðið upp á veislu af vinsælli klassík frá ýmsum tímum m.a. sínfóníu nr. 5 eftir Shostakovitsj, hljómsveitarsvítu nr. 4 eftir Bach, píanókonsert nr. 3 eftir Rakhmanínov, aríur úr óperum Mozarts, auk leiftrandi Vínartónlistar sem er ómissandi gleðigjafi og góður upptaktur að nýju ári. Meðal einleikara og einsöngvara eru sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir, píanóleikarinn Olga Kern og söngvararnir Hallveig Rúnarsdóttir og Garðar Thor Cortes.



## FÖSTUDAGSRÖÐIN

Tónleikaröð í Norðurljósum þar sem teflt er saman spennandi og áheyrilegri hljómsveitar- og kammertónlist þar sem maður er í sannkölluðu návígi við flytjendurna. Boðið verður upp á tónlist eftir Rakhmanínov, Brahms, Gubaidulinu, Bartók, Schönberg og Bacewicz í skemmtilegri blöndu sem allir geta haft gaman af. Tónleikar Föstudagsraðarinnar eru um klukkustundarlangir og eru fullkominn upptaktur að skemmtilegri helgi.

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

6. JÚNÍ 2019

## 1. FÍÐLA

Nicola Lolli  
Giulia Brinckmeier  
Una Sveinbjarnardóttir  
Laura Liu  
Andrzej Kleina  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Justyna Bidler  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir

## 2. FÍÐLA

Peter Andreas Nielsen  
Gunnhildur Daðadóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Þórdís Stross  
Dóra Björgvinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Pascal La Rosa  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristján Matthíasson

## VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósóttir  
Gregory Aronovich  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Vigdís Másdóttir  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Lucja Koczot  
Þórarinn Már Baldursson  
Kathryn Harrison

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovisa Fjeldsted  
Helga Ágústsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Jacek Karwan  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Björg Brjánsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Malin Klingborg  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Margreet Houtman  
Helga Björg Arnardóttir  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Arvid Larsson  
Bryndís Þórsdóttir  
Dagbjört Ingólfssdóttir  
Brjann Ingason

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Frank Hammarin  
Rakel Björt Helgadóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Vilhjálmur Sigurðarson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Hiroaki Shiomi

## HLJÓMBORD

Anna Guðný Guðmundsdóttir  
Helga Bryndís Magnúsdóttir

## PÁKUR

Soraya Nayyar

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# ÁSKRIFT AÐ SNILLD

## 2019/2020

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á næsta starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Hægt er að kynna sér ólíkar tónleikaraðir nánar á vef hljómsveitarinnar.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.

**Endurnýjun áskrifta hefst 11. júní og sala nýrra áskrifta- og Regnbogakorta hefst 12. júní á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) og í miðasölu Hörpu.**



@icelandsymphony / #sinfó

**SALA ÁSKRIFTARKORTA  
Í MIÐASÖLU HÖRPU OG Á SINFONIA.IS**

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**

Miðasala í Hörpu / [sinfonia.is](http://sinfonia.is) / [harpa.is](http://harpa.is) / 528 50 50